

34

2. marz

SAMÞYKKT

um breyting á samþykkt um sýsluvegasjóð Vestur-Barðastrandarsýslu,
nr. 75 29. ágúst 1931.

2. gr. samþykktarinnar hljóði svo:

Sýsluvegir teljast þessir:

1. Frá Haukabergsá að Siglunesi á Barðaströnd.
2. Frá Ósum út með Patreksfirði að sunnan, um Mosdal, Örlygshöfn og Hafnarfjall að Breiðuvík.
3. Frá Kálfadal um Hænuvík og Hænuvíkurháls að Kollsvík.
4. Frá Sveinseyri í Tálknafirði að Sellátrum.
5. Frá Stóra-Laugardal um Fagradal og Fifustaðadal (Kolmúladal) á sýsluveg Ketildalahrepps.
6. Frá staðnum í Selárdal um Ketildalahrepp að Jaðri á Bildudal.
7. Frá vegamótum á Litlueyri að Fossi í Suðurfjarðahreppi.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Barðastrandarsýslu hefur samið og samþykkt, samkvæmt lögum nr. 102 19. júní 1933, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 2. marz 1943.

Vilhjálmur Þór.

Páll Pálmason.

35

2. marz

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt nr. 44 16. maí 1934, um sýsluvegasjóð
í Skagafjarðarsýslu.

1. gr.

2. gr. samþykktarinnar orðist svo:

Sýsluvegir eru þessir:

1. Skagavegur frá Þjóðveginum við Grímsá um Laxárdal að Hrauni á Skaga.
2. Selvíkurvegur frá sýsluveginum norðan Selár að Selvík um Hvalnes að Kleyf.
3. Reykjastrandarvegur af Þjóðveginum vestan Gönguskarðsárbrúar um Reykjaströnd að Reykjum.
4. Borgarvegur frá Þjóðveginum austan og sunnan Sauðár að Sjávarborg.
5. Sæmundarhlíðarvegur frá Þjóðveginum hjá Geitagerði fram Sæmundarhlíð á Þjóðveginn á Vatnsskarði.
6. Vallhólmsvegur frá Skagfirðingabraut við Velli, suður á gamla póstveginn, þar greinist vegurinn og liggur önnur álman vestur að Vallholtinu, en hin austur að Hringeyjarlæk.
7. Goðdalavegur frá Þjóðveginum sunnan við Reykjarhól að Jökulsárbrú hjá Goðdölum.
8. Efribýggðarvegur frá Þjóðveginum hjá Álftagerði um Álfgeirsvelli að Mælifellsá og þaðan á Goðdalaveg norðan Mælifellsár.
9. Héraðsdalsvegur frá Goðdalavegi móti Reykjum um Stapa og Héraðsdal að Litladalskoti.